

# LAGABREYTINGARTILLAGA

UM AÐKOMU FULLORÐINNA AÐ SKÁTASTARFI



Stjórn BÍS leggur það til við Skátaping 2022 að á 14. grein laga BÍS verði gerðar eftirfarandi breytingar:

## 14. GREIN

Einstaklingar sem náð hafa 18 ára aldri geta ~~verið virkir meðlimir~~ haft aðkomu að skátastarfi ~~BÍS~~ sem skátar með félagsaðild að BÍS, samkvæmt A), B) og C) lið þessarar greinar, eða sem styrktarfélagar samkvæmt D) og E) lið ~~á tvennan hátt~~.

~~A)~~ A) Sem meðlimur í skátafélagi með A- eða B - aðild. Viðkomandi skáti borgar þá félagsgjöld til skátafélagsins sem aftur borgar þátttökugjald til BÍS sem og er ábyrgt fyrir skilum á sakaskrár ~~heimild~~ vottorði viðkomandi ~~og drengskaparheiti þar sem það á við.~~

B) Sem meðlimur í hópi skáta sem halda tengslum við BÍS.

a. Viðkomandi borgar ekki félagsgjald til BÍS.

a.b. Viðkomandi skilar sakaskrárheimild.

~~B)C)~~ B)C) Sem beinn aðili að BÍS ~~undir lið með D aðild.~~

a. Viðkomandi skráir sig beint í gegnum félagatal BÍS í „Eitt sinn skáti“ félag BÍS og borgar félagsgjald sem á hverjum tíma er jafnt því gjaldi er styrktarfélagar greiða fyrir styrktarpinna BÍS.

b. Viðkomandi skilar ~~undirrituðu~~ sakaskrár heimild ~~eyðublaði með tveimur vottum og öðlast við það fulla og virka aðild að BÍS með þeim réttindum og skyldum sem þar lúta.~~

c. ~~Þessir aðilar fá skátaskírteini.~~

~~C)~~

D) Styrktarfélagar BÍS: Aðilar sem greiða styrktarpinna eða styrkja BÍS fjárhagslega með öðrum leiðum en óska ekki eftir virkri aðild að BÍS þurfa ekki að skila inn sakaskrár heimild ~~eyðublaði~~, enda hafa þeir þau ekki nein réttindi eða skyldur gagnvart BÍS. Eru á skrá yfir styrktaraðila en hafa ekki félagsaðild að BÍS.

~~1. Þeir teljast styrktarfélagar og eru skráðir sem slíkir í félagatal BÍS en eru ekki með virka aðild og fá ekki skátaskírteini.~~

E) Skátafélögum er heimilt að stofna sveit í félagatali sínu sem heldur utan um styrktarféлага félagsins. Um þessa styrktarféлага gildir það sama og um styrktarféлага BÍS, þeir þau eru á skráðir í félagatali styrktaraðila skátafélagsins ~~og þar með BÍS~~, en eru ekki með virka félagsaðild að BÍS. ~~og fá ekki skátaskírteini.~~

~~1. Ekki er greitt félagsgjald af þessum félögum til BÍS, enda fá þeir ekki skátaskírteini.~~



Allir lögráða starfandi skátar og sjálfboðaliðar í starfi skátahreyfingarinnar, **óháð aðildarleið eða þeim verkefnum sem viðkomandi hyggst sinna**, skulu undirrita yfirlýsingu sem veitir Bandalagi íslenskra skáta heimild til að leita eftir upplýsingum hjá Sakaskrá ríkisins um hvort viðkomandi hafi hlotið refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða brota á ákvæðum laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni á síðastliðnum fimm árum.

**Enda hluti af réttindum ofangreindra þátttaka í viðburðum eins og skátamótum og skátapingi þar sem gera má ráð fyrir þátttöku ungmenna undir 18 ára aldri.** Stjórn BÍS er heimilt að víkja einstaklingum eða hópum úr skátahreyfingunni og hafna styrktaraðilum ~~ef þeir brjóta gegn landslögum eða Grunngildum BÍS.~~

## Greinagerð:

Mikil þörf er að gera breytingar á þessari grein því hún er ekki í samræmi við 2. grein laga BÍS um félagsaðild skáta að BÍS, oft í mótsögn við sjálfa sig, endurtekur sig oft að óþarfa og fara að óþarfa í of mikil smáatriði um verklag sem mörg hver eru orðin úrelt.

Greinin hefur til þessa gert greinamun á aðilum með félagsaðild að BÍS og svokölluðum styrktaraðilum skátafélaga og BÍS og er tilgangurinn að gera það skýrara.

Fyrsta breytingin er að fella út ákvæði um skil á drengskaparheiti sumra fullorðinna aðila til BÍS. Mörg ár eru síðan það tíðkaðist að þeim skjölum væri skilað til BÍS en í dag tíðkast það að skátafélög safni þessum plöggum ásamt samkomulögum sem þau gera við sína sjálfboðaliða hjá sér, enda óþarfa flækjustig að þurfa að afhenda þau gögn öll áfram til BÍS þar sem sambandið er milli félagsstjórnar og sjálfboðaliðans. Í reglugerð BÍS um hæfi sveitarföngja er og verður áfram ákvæði um drengskaparheit sem hafa verið endurnefnd sem sæmdarheit og var það plagg nýverið uppfært, áfram verður ætlast til að félög láti sjálfboðaliða sína skrifa undir slík plögg.

Sakaskráreyðublað er breytt í sakaskrárheimild til að samræma hugtök. Einnig er fellt út úr lögnum að á heimildina þurfi tvo votta, en á nýju eyðublaði sem ríkissaksóknari hjálpaði BÍS að móta voru vottarnir felldir út. Óþarfi er að taka fram að heimildina skuli undirrita, skil eru ekki álitin fullnægjandi nema ríkissaksóknari taki heimild viðkomandi gilda, sem er ekki gert ef hún er ekki undirrituð.

Skátaskírteini eru tekin út úr greininni, það er skrítið að um þau sé talað fyrir aðila með D aðild en ekki aðila með A og B aðild. Þá er óþarfi að tala um skátaskírteini í



lögum BÍS. Framtíð skírteina liggur í rafrænum lausnum og einstaklingar með geta í dag framvísað Sportabler appinu til að fá afslætti sem fylgja félagsaðild að BÍS.

Bætt er inn í greinina ákvæði um félaga með C aðild eins og 2. grein gerir ráð fyrir og eru ákvæðin um fullorðna aðila með C aðild samkvæmt ákvæðum í sömu grein.

Stefnan er að aðilar geti orðið styrktaraðilar BÍS með fleiri leiðum en í gegnum styrktarpinnan, sérstaklega eftir að ný lög um almannaheilasamtök tóku gildi. Því er skilgreining styrktarfélaga BÍS vikkuð.

Lagagreinin er gerð kynjahlutlaus með að nota fornaðnið þau um styrktaraðila, enda getur fólk af öllum kynjum gerst styrktaraðilar. Þetta er í samræmi við stefnu í öðru textaefni Skátanna að reyna að ávarpa öll kyn. Í samskiptum Skátamiðstöðvar við Árnastofnun var bent á að það væri ekki málfræðilega rangt að tala um þau í setningum þar sem yfirgrípsheiti í vissu kyni var notað yfir hóp einstaklinga ef af samhenginu mætti dæma að einstaklingar innan þessa hóps væri ekki allur af sama kyninu.

Í ákvæðum um styrktarfélaga BÍS og skátafélaga er tekið út að styrktaraðilar séu á skrá í félagatali, það gefur í skyn að þau séu með einhverjum hætti félagar, sem þau eru ekki. Þess í stað verður talað um að þau séu á skrá styrktarfélaga.

Málgrein sem áður var talin upp sem C) liður 14. greinar er sett öftust í greinina og ekki merkt með bókstafi. Þetta er vegna þess að þessi málgrein hefur ekkert að gera með greinarmun á milli styrktaraðila og aðila með félagsaðild. Heldur er henni ætlað að setja fram skýrar skyldu um skil sakaskrárheimildar fyrir alla sem kæmu að félagsstarfinu með beinum hætti, sama hvort það séu skátar með félagsaðild, sjálfboðaliðar með félagsaðild eða sjálfboðaliðar án félagsaðildar. Einnig að það sé skilyrði fyrir að taka þátt í viðburðum skátanna.

Ákvæðið um heimild stjórnar BÍS til að vísa einstaklingum eða hópum úr skátahreyfingunni er stytta. Í hinum ýmsu reglugerðum BÍS, stefnum BÍS, drengskaparheiti, reglum ÆV, félagslögum skátafélaga, lögum BÍS, Landslögum, Grunnildum BÍS, sjálfboðaliðasamkomulögum, ráðningarsamningum og ýmsum öðrum plöggum er að finna fjölda viðmiða sem skátum er ætlað að starfa samkvæmt og fullorðnir aðilar innan skátahreyfingarinnar eiga að þekkja. Þau hafa ýmist verið samin með umboði Skátapings, samþykkt af Skátapingi eða stjórn fært umboð til að setja þessi viðmið í lögum BÍS. Brottvísun úr skátahreyfingunni er örþrifaúrræði sem eingöngu er gripið til þegar rík ástæða er til og skátahreyfingin sammæltist um að færa stjórn BÍS þegar lögum um félagsaðild var breytt þannig að skátar voru allir með félagsaðild að BÍS. Stjórn hefur í dag heimild til að vísa einstaklingum og hópum úr skátahreyfingunni fyrir fleiri sakir en brot gegn landslögum og grunnildum BÍS og því er talið betra að sleppa upptalningu allra þeirra ákvæða sem heimila stjórn BÍS að vísa aðila úr hreyfingunni heldur halda þeim öllum við sitt í hvoru lagi.

Nýtt ákvæði er bætt við í lok greinarinnar um að stjórn BÍS geti hafnað styrktaraðilum sem er talið æskilegt að setja í lög.

